



Viðbótarskýrsla við fornleifaskráningu í
Fjarðabyggð vegna breytinga á fyrirhugaðri
lagningu háspennulínu frá Stöðvarfirði til
Breiðdalsvíkur




Rannveig Þórhallsdóttir
Bjarni F. Einarsson
2018

Forsíðumyndin er tekin af rúst nr. 29 að Hvalnesi, Stöðvarfjörður er í baksýn. (Ljósm. RÞ 2018).

FORNLEIFAFRÆDISTOFAN

© Rannveig Þórhallsdóttir, Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Rarik ehf.
September 2018




Mynd 1. Breytt strengleið á leiðinni Stöð-Teigarhorn. Rústir nr. 29 og 30 á Hvalnesi hafa bæst við, sjá fornleifaskrá nr. 29-30.

Inngangur

Að beiðni Rarik ehf. kannaði Fornleifafræðistofan fornleifar á fyrirhugaðri leið háspennulínu frá Stöðvarfirði til Breiðdalsvíkur (í vinnugögnum Stöð-Teigarhorn), á um 21 km leið. Sú fornleifaskráning birtist í skýrslunni *Fornleifaskráning í Fjarðabyggð vegna fyrirhugaðrar háspennulínu frá Stöðvarfirði til Breiðdalsvíkur* (Rannveig

Þórhallsdóttir, Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan, júlí 2018). Samkvæmt umsögn frá Minjaverði Austurlands (MÍ201805-0080) þurfti að hnika línunni á tveimur stöðum (Hvalnesi og Ósi) til að komast hjá því að rústum á þessum svæðum yrði raskað. Því fór starfsmaður Fornleifafræðistofunnar á vettvang með fulltrúum verkkaupa, Haraldí Klausen og Guðmundi Hólmi Guðmundssyni þann 18. september sl., til að skoða hvort hægt væri að hnika til línunni á þessum tveimur stöðum án þess að raska fornminjum. Nýja lagnaleiðin er sýnd á myndum 1, 2 og 3.



Mynd 2. Breytt strengleið að Hvalnesi. Rústir nr. 29 og 30 hafa bæst við, sjá fornleifaskrá nr. 29-30.

Skráningin

Kannað var svæði (gengið) sín hvoru megin við hina fyrirhuguðu ljósleiðaralögn, eða allt að 15 m hvoru megin og minjar staðsettar og mældar upp með Trimble Geoexplorer 2008. Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er í töflu 1 auk meðfylgjandi fornleifaskráa og loftmynda með staðsetningu fornleifa. Staðsetning fornleifa/minja og breytt leið línulagnarinnar eru sýndar á myndum 2 og 3.

Í lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (lög nr. 80 um menningarminjar, 2012). Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.). Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annarsstaðar og

eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögunum. Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr). Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu



Mynd 3. Breytt strengleið að Ósi.

grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa. Engar friðlýstar fornleifar eru í nágrenni hinnar fyrirhuguðu háspennulínu. Fornleifar voru skráðar sem SHAPE skrár.

Minjastofnun Íslands mun ákvarða um hvort varðveita eigi þessar tvær fornminjar eða rannsaka þær með fornleifauppgrefti.

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðveislugildi	Friðlýst?	Mótv.
29	Bæjarhóll	1	Ekkert	Engin	Gott	1550-1960	Talsvert (7)	Talsvert (7)	Nei	Rannsókn
30	Brú	1	Ekkert	Engin	Sæmilegt	1850-1950	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Rannsókn
Fjöldi fornleifa/minja		2				Meðaltöl:	5	5		

Tafla 1: Skráðar fornleifar til viðbótar við fyrri skýrslu á leiðinni Stöð-Breiðdalsvík. Hér er gengið út frá því að hinar fyrirhuguðu framkvæmdir valdi tímabundinni hættu og mat lagt á hana. Að öðru leyti er vísað í meðfylgjandi fornleifaskrá vegna þeirrar hættu sem kann að stafa af annarri viðverandi hættu.

Niðurstaða

Engar fornleifar töldust í hæsta minja- og varðveisluflokki. Einar fornleifar töldust með talsvert minja- og varðveislugildi (einkunn 7) og einar fornleifar töldust vera með lítið minja- og varðveislugildi (einkunn 3). Með því að færa línuna með þeim hætti sem sést á myndum 1 og 2 er hægt að sneiða hjá fornleifum í landi Hvalness og Óss. Bent er á að allar minjar sem eldri eru en 100 ára eru friðaðar og þeim fylgir 15 m friðhelgunarsvæði út frá ystu mörkum þeirra. Sjá nánar í meðfylgjandi fornleifaskrá.

Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Slíkar áðgerðir geta verið allt frá breyttri áætlun um framkvæmdir sem taka tillit til fornleifa (1. kostur), nákvæmri GPS staðsetningu og ljósmyndun, að nákvæmri fornleifarannsókn. Rannsóknir á einfaldari fornleifum eins og görðum og vegum er gjarnan þverskurður í gegnum þær, hann teiknaður í sniði, ljósmyndaður og gjóskulaga leitað til að aldursgreina eftir atvikum. Rannsóknir á yngri skepnuhúsum geta einskorðast við þverskurði í leit að eldri minjum undir, eða að ákveðinn hluti húsanna séu fullrannsakaðir, ef allt húsið er ekki fullrannsakað.

Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir. Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

Heimildir

Ágúst Ó. Georgsson. (1990). *Fornleifaskrá*. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.

Ármann Halldórsson (ritstj.). (1976). *Sveitir og jarðir í Múlapingi. III. bindi*. Búnaðarsamband Austurlands.

Lög um menningarminjar. Nr. 80, 29. júní 2012.

Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands (www.map.is/minjastofnun/#)

Rannveig Þórhallsdóttir og Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Fjarðabyggð vegna fyrirhugaðrar háspennulínu frá Stöðvarfirði til Breiðdalsvíkur*. Fornleifafræðistofan. Seyðisfirði 2018.

Túnakort Hvalness og Óss. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík. Höf. Þ.SK. 1920. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

Örnefnaskrár fyrir Stöðvarfjörð. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafn.

Fornleifaskrá: Fjarðabyggð Nr. 29:1-30:1.

Fornleifaskrá

Aðalnr.

29

Sýsla	Sveitarfélag	Tákntala	Hverfi
S-Múlasýsla	Fjarðabyggð		
Landareign	Nr	Heiti	Undirnr.
Hvalnes			

Skrásetjari	Dags	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekki
Rannveig Þórhallsdóttir (BFE)	18.09.18				

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Bæjarhöll		Rar 18 1	1
Hættumat	Hætta	Astand	Aldur
Ekkert	Engin	Agætt	1550-1960
I eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætti	Merkja?
Já	Háspennulina	Engin	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2
Talsvert	7	Talsvert	7
Fríðlýsa?	Fríðlýst?	Hvenær	
Nei	Nei		

Lega og staðhættir

Grasi gróin og steini hlaðin tóft sem liggur NA-SV, um 30 m frá þjóðveginum.

Heimildir og munnmæli

Samkvæmt Sveitir og jarðir í Múlapingi III var jörðin í eyði 1951-1952 en búið á henni 1892-1951 og 1952-1960.

Lýsing

Bæjarhöll.

Stærð tóftar er í heildina 36 x 52 m. Líklega bæjarhöllinn að Hvalnesi. Tóftin liggur hátt í landinu og er hærri en 2 m þar sem hún er hæst. Vestan við tóftina er steypuhruga. Tóftin skiptist í þrjú rými, eitt til norðurs og tvö til suðurs. Til norðurs (að sjónum) er rými 1, 7x10 m grasi gróin tóft, með 2 m breiðum veggjum og um 60 cm veggthæð. Rými 2 (13 x 36 m) og 3 (22 x 30) til suðurs virðast nýlegust. Í rými 3 (næst fjallinu) er steypur strompur. Í rýmum 2 og 3 er hægt að sjá glitta í steinhleðslur.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Rannveig Þórhallsdóttir

Filma nr./teg. myndar

I Phone 6

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústarinnar þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

<i>Sýsla</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Hverfi</i>	<i>Aðalnr.</i> 30
S - Múlasýsla	Fjarðabyggð			
<i>Landareign</i>	<i>Nr</i>	<i>Heiti</i>	<i>Undirnr.</i>	
Hvalnes				

<i>Skrásetjari</i>	<i>Dags.</i>	<i>GPS Staðsetning</i>	<i>Viðmiðun</i>	<i>M.y.s.</i>	<i>Skekkið</i>
Rannveig Þórhallsdóttir (BFE)	18.09.18				

<i>Tegund minja</i>					<i>Tilgáta/Niðurstaða</i>		<i>Verk</i>	<i>Fjöldi</i>
Brú								1
<i>Hættumat</i>	<i>Hætta</i>	<i>Astand</i>	<i>Aldur</i>	<i>I eyði</i>	<i>Tímab. hættumat</i>	<i>Tímab. hætta</i>	<i>Merki?</i>	
Ekkert	Engin	Sæmilegt	1850-1950	Já	Háspennulína	Engin		
<i>Minjagildi</i>	<i>Einkunn</i>	<i>Varðveishugildi</i>	<i>Einkunn 2</i>				<i>Friðlýsa?</i>	<i>Friðlýst?</i>
Lítið	3	Lítið	3				Nei	Nei

Lega og staðhættir

Um 100 m frá Þjóðveg, við lækjarfarveg, má sjá leifar af brú sem hefur legið A-V.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Brú.

Sitthvoru megin við lækjarfarveg má sjá leifar af hleðslum úr brú. Hleðslurnar eru um 2,5 m breiðar og um 60 cm háar. Sitthvorum megin við lækjarfarveginn má einnig sjá trébúta (staura). Sá sem er austan við lækinn er með járnnacla.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Filma nr./teg. myndar

Rannveig Þórhallsdóttir

I Phone 6

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústarinnar þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.